

Skipsgjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjulgjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 13. janúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Raufarhöfn nr. 149 7. júlí 1964.

1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

Um hafnargjöld á Raufarhöfn.

21. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs Raufarhafnar skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

VIII. kafli og greinar nr. 22—38 falla niður og breytast eftirfarandi greinar og kaflar í samræmi við það.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 20 13. apríl 1973, um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Raufarhöfn, nr. 149 7. júlí 1964.

Samgönguráðuneytið, 22. janúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Raufarhafnar.

I. KAFLI

Hafnargjöld.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.